

Skoraði fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kvaðst ekki geta greitt þau fyrir gerðarþola.

Skoraði þá fógeti á mættu að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mættu að segja satt að viðlagðri hegningarábyrgð.

Var þá bent á og skrifað upp:

Vörubifreiðin Þ 792, vörubifreið Trader, árgerð 1963, og vörubifreiðin Þ 209, Mercedes-Benz vörubifreið, árgerð 1966.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í framangreindum bifreiðum til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar að geymdum betra rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola um lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, en færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 14. febrúar 1974.

Nr. 17/1974: Jón Jónsson

gegn

Sigurði L. Eiríkssyni.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. desember 1973, sem barst Hæstarétti 21. janúar 1974, en sóknaraðilja barst vitneskja um hinn kærða frávísunar-

dóm 26. nóvember 1973. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sakarefni er lýst í hinum kærða dómi.

Skjal það, sem er grundvöllur málsóknar þessarar, er víxill að formi til, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1933. Má reka mál vegna skals þessa samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Ármanns Snævars og

Magnúsar Þ. Torfasonar.

Við það verður að miða, að sóknaraðili reisi kröfur sínar á hendur varnaraðilja á því, að varnaraðili sé skuldbundinn honum að víxilrétti vegna áritunar samþykkis á víxil þann, sem fram er lagður í málinu, og hafi hann höfðað málið sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, þótt ekki sé þess getið í stefnu, svo sem gleggst var.

Varnaraðili sótti þing í héraði og krafðist í greinargerð sýknu sér til handa. Héraðsdómari vísaði málinu frá dómi, vegna þess að víxillinn væri ekki í lögmætu formi samkvæmt 1. gr. laga nr. 93/1933 af þeim ástæðum, sem greindar eru í hinum kærða dómi.

Meðal varna um efni máls, sem komið verður að í víxilmáli

samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, eru varnir um, að skuldbinding sé ógild að víxilrétti vegna formgalla á víxli, sbr. 2. mgr. 208. gr. nefndra laga. Voru þegar af þessari ástæðu ekki efni til að vísa málinu frá héraðsdómi. Föllumst við samkvæmt framansögðu á dómsorð meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 7. nóvember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 25. október s.l., hefur Jón Jónsson framkvæmdastjóri, Langeyrarvegi 11 A, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. september 1973, á hendur Sigurði L. Eiríkssyni, Flókagötu 1, Hafnarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 200.000.00 auk 11/2% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 11. júlí 1973 til greiðsludags auk kr. 660.00 í stimpil- og afsagnarkostnað auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar samkvæmt taxa Lögmannafélags Íslands. .

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á víxli, sem hann hefur lagt fram í málinu. Skjal þetta er nefnt víxill í meginmáli þess. Það virðist útgefið 7. mars 1967 af Ragnari Tómasi Árnasyni, Jörfa við Vesturlandsveg, Reykjavík, að fjárhæð kr. 200.000.00, samþykkt af Sigurði L. Eiríkssyni til greiðslu í Sparisjóði Hafnarfjarðar við sýningu 1967. Enn fremur er ritaður á „víxillinn“ greiðsludagur 15. júní 1967. Ragnar Tómas Árnason hefur ábakað „víxillinn“. „Víxillinn“ hefur verið afsagður sökum greiðslufalls 11. júní 1973.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu: „Skuld þessi er samkvæmt sýningarvíxli, samþykktum af stefnda til greiðslu við sýningu án sérstaklega tiltekins ártals. Fjárhæð víxilsins er kr. 200.000.00.

Nákvæm dagsetning á samþykkt víxilsins liggur ekki fyrir nú, en þegar umbjóðandi minn móttók víxillinn, var útgáfudagur á hann skráður. Víxillinn var aftur á móti ekki útgefinn eða fram-seldur, né var skráður á hann gjalddagi að öðru leyti en því, að víxillinn skyldi greiðast „hinn við sýningu 19.“. Víxillinn var því samþykktur á sínum tíma, en eigi ritaður að fullu samkvæmt heimild í 10. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Á árinu 1967 stal Ragnar Tómas Árnason, Jörfa v/Vesturlandsveg, víxlinum af stefnanda og ritaði á hann útgáfudaginn 7. mars 1967, setti ártalið við gjalddaga 1967 og pr. 15. júní 1967. Þessar

áritanir voru að sjálfsögðu heimildarlausar af hálfu þjófsins og markleysa ein. Ragnar gaf víxilinn út og ábakti hann, og er við það látið sitja, enda er víxillinn nú í höndum réttis eiganda, sem er stefnandi máls þessa.

Í samræmi við upphaflega heimild samkvæmt ákvæðum 10. gr. víxillaga fól stefnandi Sparisjóði Hafnarfjarðar hinn 18. júní 1973 að sýna víxilinn til greiðslu. Sparisjóðurinn óskaði greiðslu víxilsins hinn 9. júlí 1973, en þegar greiðslufall varð á víxilskuldinni, var hann afsagður sökum greiðslufalls hinn 11. 7. 1973.“

Stefndi lýsir málavöxtum svo af sinni hálfu í greinargerð: „Svo sem réttilega segir í stefnu, var útgáfudagur ritaður á víxilinn, þá er umbj. m. ritaði á hann samþykki sitt. Samkvæmt fullyrðingum umbj. m. var útgáfudagurinn talinn vera í október 1959, en við skoðun á víxlinum verður ekki séð, hvort svo var; mánuðurinn virðist vera september, en hvort ártalið er 1959 eða 1960 verður nú ekki greint, enda skiptir það ekki máli lengur.

Á víxlinum er gjalddagi talinn vera við sýningu.

Samkvæmt 34. gr. víxillaga skal sýna víxil til greiðslu, áður en eitt ár er liðið frá útgáfudegi hans.

Samkvæmt 44. gr. s. 1. skal sanna greiðslufall með afsagnargerð. Hafi það ekki verið gert, glatar víxilhafi rétti sínum gagnvart öðrum víxilskuldurum en samþykkjanda.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. víxillaga fyrnast allar kröfur á hendur samþykkjanda víxils á þremur árum frá gjalddaga.

Að ofanrituðu er ljóst, að gjalddagi víxilsins í máli þessu var í síðasta lagi í október 1960 (eða 1961). Víxilhafi missti þó eigi rétt sinn á hendur samþykkjanda, þó hann léti ekki afsegja víxilinn, en krafan fyrntist í síðasta lagi í október 1963 (eða 1964). Ber því að sjálfsögðu að sýkna umbj. m. alfarið af kröfu stefnanda.

Svo sem segir í stefnu, er áritun útgefanda (R.T.Á.) markleysa ein, og breyting hans (þ. e. fölsun) á útgáfudegi endurnýjar að sjálfsögðu ekki kröfur á hendur umbj. m. „Afsagnargerð“ sú, sem fram fór í Sparisjóði Hafnarfjarðar, er tóm markleysa og getur á engan hátt endurnýjað víxilréttinn, sem var löngu fyrndur, er gerðin fór fram. Var enda framgangi gerðarinnar mótmælt, sbr. dskj. nr. 5.“

Um formhlið málsins.

Eftir að leitað hafði verið sátta á dómþingi 25. október 1973, tók dómari málsins form þess til athugunar. Hann vakti athygli um-

boðsmanna aðilja á því, að óumdeilt væri í málinu, að þjófur hefði ritað nafn sitt á víxilinn, svo sem útgefanda, og þess vegna kæmi til athugunar, hvort vísa bæri málinu frá dómi.

Umboðsmaður stefnanda krafðist þess, að málið væri dæmt sem víxilmál og til þess væri litið við ákvörðun málskostnaðar í efnislið, að málið er flutt um formhlið.

Umboðsmaður stefnanda kvaðst telja, að málið væri ógallað að formi til. Í fyrsta lagi benti hann á, að í upphafi hefði verið ritaður á víxilinn útgáfudagur, sem hann taldi, að hefði verið 17. september eða október 1959. Kvaðst hann byggja þetta á álit stefnda og samþykkja það álit með fyrirvara um staðfestingu umbjóðanda síns. Í öðru lagi benti lögmaðurinn á, að á víxilinn hefði upphaflega verið rituð skuldarupphæð. Í þriðja lagi benti hann á, að ritað hefði verið á víxilinn, að hann greiddist við sýningu án ártals. Í fjórða lagi benti lögmaðurinn á, að víxillinn hefði verið samþykktur af stefnda, þótt nafn útgefanda hefði þá ekki verið ritað undir. Hann kvað það aðeins hafa átt að koma til, þegar víxillinn yrði sýndur til greiðslu.

Lögmaðurinn kvaðst telja, að nafnritun Ragnars Tómasar Árnasonar hefði ekki verið fölsuð. Hann kvað niðurstöðuna hafa verið, þegar víxillinn var sýndur til greiðslu af réttum aðilja, að láta nafn Ragnars duga sem nafnritun útgefanda og ábekings.

Lögmaðurinn taldi, að umbjóðanda hans hefði verið heimilt að útfylla víxilinn, og vitnaði í 10. gr. víxillaga í þessu sambandi.

Af stefnda hálfu var þess nú krafist, að málinu yrði vísað frá og málskostnaður yrði dæmdur eftir lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Lögmaður stefnda kvaðst telja, að skilja bæri 10. gr. víxillaga þannig, að víxill teldist útgefinn, þegar útgáfudagur hefði verið ritaður á hann, en ekki, þegar víxillinn hefði verið undirritaður, en það gerðist síðar.

Lögmaðurinn vísaði til 1. gr. víxillaga, einkum 7. og 8. liðs, og enn fremur til 34. gr. víxillaga. Hann kvaðst telja, að útgáfudagur víxilsins væri í september 1959. Hann kvaðst telja nafnritun þjófsins markleysu eins og annað, sem þjófurinn hefði ritað á víxilinn.

Lögmaður stefnanda benti á, að þjófurinn hefði rangfært útgáfudag og greiðsludag. Hann kvaðst telja það markleysu, en annað, sem þjófurinn hefði ritað á víxilinn, kvað hann ekki vera föslun og vísaði um þetta efni til stefnu sinnar og greinargerðar.

Álit dómsins.

Dómarinn lítur svo á, að áritanir Ragnars Tómasar Árnasonar á skjalið, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, séu þýðingarlausar í viðskiptum aðilja þessa máls. Ber þá að líta svo á, að undirskrift þess, er víxillinn gefur út, skorti. Skjalið fullnægir því ekki skilyrðum 1. gr. víxillaga nr. 93/1933 um form víxils. Mál þetta fullnægir því ekki 207. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 1936 um víxilmál, og ber því að vísa því frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Mánudaginn 18. febrúar 1974.

Nr. 150/1972: Magnús Fr. Árnason

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Ingvari Helgasyni og

Brunabótafélagi Íslands

(Hákon Árnason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir **Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.**

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. október 1972. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 27.976.00 með 7% ársvöxtum frá 20. febrúar 1971 til greiðsludags, en til vara aðra lægri